

Skýr skilaboð frá fulltrúum háskólasamfélagsins - Olga Björt Þórðardóttir skrifar



Háskóli Íslands

Olga Björt Þórðardóttir hefur sent Menningarpressunni þessa grein um Samræðu háskólanema og fræðimanna innan Háskóla Íslands um fjölskyldumálefni.

Á tyllidögum tala yfirvöld og valdafólk gjarnan um mikilvægi opinberrar fjölskyldustefnu, um velferð fjölskyldunnar og að fjölskyldan sé hornsteinn samfélagsins. Upplifun og raddir fólksins úti í samfélaginu sjálfu virðast hins vegar oft og tíðum ekki alveg vera í samræmi við þessi áferðarfallegu hugtök ráðamanna. Það er eitthvað sem greinir á, einhvern samhljóm virðist skorta.

Á nýliðnu ári gekkst Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr fyrir svokallaðri Samræðu háskólanema og fræðimanna innan Háskóla Íslands um fjölskyldumálefni. Tilgangurinn var að finna samhljóm milli fulltrúa unga fjölskyldufólksins í HÍ og fræðimanna sem þar starfa innan skólans, svo rannsóknir leiði til úrbóta fyrir íslenskt samfélag í þágu fjölskyldunnar.

Þar ræddu saman háskólanemar frá lagadeild og félagsráðgjafardeild, Heilbrigðisvísindasviði, Hugvísindasviði og Menntavísindasviði um hugleiðingar og spurningar er forsetar deilda og sviða höfðu varpað fram.

Ýmislegt var reifað og það yrði efni í langa grein. Nánari niðurstöður, erindi og umfjöllunarefni samræðunnar verða aðgengilegar á vefsíðu Rannsóknastofnunarinnar, sem opnuð verður um miðjan febrúar. Þórhildur Líndal er forstöðumaður stofnunarinnar og spurð um samræðuna sagði hún þetta:

„Markmið samræðunnar var að ná fram samhljómi á þverfaglega hátt milli ungs fjölskyldufólks og fræðimanna í Háskóla Íslands um fjölskyldumálefni, sem varða okkur öll á einn eða annan hátt. Samhljómur er þýðingarmikill til að skapa traustan grunn undir þau úrræði sem talin eru brýnust hverju sinni í þágu hagsmuna fjölskyldunnar.“

Niðurstöður SAMRÆÐUNNAR urðu helstar þessar og skilaboðin eru skýr:

- Eflum þátttöku barna í ákvarðanatökum, því raddir barna eru mikilvægar og börn eru sérfræðingar á sinn hátt. Þau móta skólana og samfélagið eins og slíkt mótar þau.
- Eflum foreldrafærni og stuðlum þannig að rétti barna til að fræðast um skuggahliðar fjölskyldulífs, rétt þeirra til tjáningar leiðir til þess að leita aðstoðar.
- Eflum fræðslu um hvað felst í sameiginlegu forræði, sem snýst fyrst og fremst um góð samskipti forráðamanna og hagsmuni barna.

- Eflum umræðu um gildismat og lífsgæði meðal kennaranema sem svo miðla því til nemenda og foreldra á jafningjagrunðvelli.
- Aukum upplýsingu á niðurstöðum rannsókna sem snúa að fjölskyldumálefnum. Gerum þær aðgengilegri á vefsíðum og/eða í fjölmiðlum.
- Eflum fræðslu á málefnum ólíkra fjölskyldugerða og styrkleikum þeirra.
- Samfélagið vinni meira að því að fólk með sérþekkingu, sem er atvinnulaust eða hefur náð eftirlaunaaldri, fái tækifæri til þess að taka þátt í innri uppbyggingu samfélagsins og finni til mikilvægis síns.
- Tryggjum innra samkvæmi laga; lögin ákveði ekki hvað er fjölskylda. Fjölskylda á að vera umönnunarkerfi í kringum börn með hagsmuni barns að leiðarljósi. Þrátt fyrir aukna viðurkenningu innan samfélagsins á ólíkum fjölskyldugerðum, þarf að fara alla leið: aðlaga kerfið sem á að standa vörð um fjölskyldur.
- Lánasjóður íslenskra námsmanna gæti komið meira til móts við fjölskyldur til þess að meira hvetjandi sé að fara í nám. Gerum ekki illt verra fyrir þá sem standa verst en vilja mennta sig.
- Kanna og greina betur grundvöll efnahagsvanda einstakra fjölskyldna í stað þess að grípa til almennra úrræðna. Veita ráðgjöf sem leiðir til betri fjármálavitundar.
- Einstaklingar fái að skilgreina sig sjálfir, t.d. varðandi samsköttun.
- Gera framfærslu viðráðanlegri og tryggja öllum börnum möguleika til tómskundariðju. Í þeim liggja öflugustu forvarnirnar.
- Leiða meira saman ferskleika, tækniþekkingu og kraft yngri kynslóða og reynslu, vísu og víðsýni eldri kynslóða. Með opnu hugarfari geta kynslóðir lært hver af annarri með því að hlusta og meðtaka.

Það hefur margsýnt sig að hlutdeild einstaklinga í ákvörðunum eflir sátt og samkennd. Þess vegna er svo mikilvægt að raddir sem flestra fái að heyrast og tekið sé mark á þeim. Fjölbreytileikinn ætti ætíð að vera í fyrirrúmi. Að stuðla að honum á öllum sviðum samfélagsins er ábati sem mun borga sig.
